

GILDANDI AÐALSKIPULAG MKV.: 1:50.000
STAÐFEST 19.05.2010, SIÐASTA BREYTING SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN 14.6. 2011

1. Inngangur

1.1 Almenn, aðdragandi, tilefni

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar leggur til að aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 verði breytt á þann veg að iðnaðarsvæði á Grundartanga verði stækkað, en athafnasvæði, athafna- og hafnarsvæði verði minnkuð að sama skapi.

Auk þess verði náttúruverndarsvæði við strönd og opin svæði meðfram Katanestjörn og Kalmansá stækkuð umtalsvert.

Tilfni breytingarinnar er eftirspurn eftir lóðum fyrir iðnaðarstarfsemi á Grundartanga, einkum tiltölulega stórum lóðum fyrir starfsemi sem tengist annarri iðnaðarframleiðslu á svæðinu.

Gildandi aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 tók gildi í júlí 2010 en síðasta breyting sem varðaði Grundartanga var samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 14. júní 2011.

Um er að ræða breytingu á skilgreiningum á landnotkunarreitum í gildandi aðalskipulagi, minnkun þeirra og stækun opinna svæða.

Breytingin tekur aðallega til austursvæðisins á Grundartanga þar sem hluti athafnasvæða (AT) og hafnarsvæða (Hafnir H) er breytt í iðnaðarsvæði.

Breytingin tekur einnig til syðsta hluta vestursvæðisins neðan Klafastaðavegar þar sem samkv. gildandi aðalskipulagi er skilgreind blönduð landnotkun athafnasvæði/hafnarsvæði (AT/H). Þar er m. a. áformuð starfsemi á sviði skipavíðgerða, dráttarbraut, flotkvi og tengd þjónusta. Mikil og fjölbreytt framboð lóða fyrir athafnastarfsemi er á Grundartanga, vestursvæði. Þar eru einnig skilgreindar litlar og meðalstórar iðnaðarlóðir allt að einum ha að stærð, en eftirspurn hefur einnig verið eftir stærri lóðum, 15- 30 ha og jafnvel stærri.

Gerð verður breyting á deiliskipulagi vestursvæðis í framhaldi af gildistöku aðalskipulagsbreytingarinnar.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi eru á austursvæði Grundartanga um 124 ha athafnasvæði, um 180 ha iðnaðarsvæði og 58,7 ha hafnarsvæði.

Samhlöða aðalskipulagsbreytingunni verður gerð breyting á gildandi deiliskipulagáætlun austursvæðis og skipulagsvæðið stækkað til austurs.

Skipulagslýsing, verkáætlun skipulagsáætlunarinnar var samþykkt í sveitarstjórn 25. mars og formlega auglýst 1. maí 2014 í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í skipulagslýsingu hafa verið gerð grein fyrir áherslum sveitarstjórnar við aðalskipulagsgerðina og þar er að finna upplýsingar um forsendur, fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

2. Helstu forsendur

2.1 Almenn

Um helstu forsendur er vísað til stefnumórkunar sveitarstjórnar, leiðarljóss og stefnumórkunar um iðnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020.


Aðalskipulagsáætlunin, þ. e. breyting þessi er í samræmi við þær forsendur.

2.2 Sérstakar áherslur/skilmálar sveitarstjórnar og Faxaflóahafna

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar og Faxaflóahafnir hafa í skipulagslýsingu sett fram eftirfarandi sérstakar áherslur/skilmála varðandi uppbyggingu á þeim nýju iðnaðarsvæðum sem aðalskipulagsáætlunin, þ. e. breyting þessi nær til:

Á Grundartanga hefur Umhverfisstofnun mælt fyrir um umhverfismælingar skv. áætlun um umhverfissvöktun iðnaðarsvæðisins og á árinu 2013 létu Faxaflóahafnir sf. vinna skýrslu þar sem úttekt er gerð á grunnástandi ýmissa umhverfisþátta á iðnaðarsvæðinu og næsta nágrenni þess. Í skýrslu Faxaflóahafna sf. kemur fram að loftmengun af völdum brennisteinstvioxíðs sé í efri mörkum miðað við þær kröfur sem gerðar eru, miðað við skilgreiningu þynningarsvæðis eins og það er skilgreint 2013. Frekari uppbygging iðnaðar á Grundartanga, sem veldur aukinni loftmengun svo sem af völdum brennisteinstvioxíðs er því hvorki möguleg né æskileg að óbreyttum reglum m.v. þynningarsvæðið.

Byggt á mælingum síðustu ára, samkvæmt vöktunaráætlun iðnaðarsvæðisins á Grundartanga, sem samþykkt er af Umhverfisstofnun, með vísan til úttektar Faxaflóahafna sf. árið 2013, stefnu sveitarfélagsins, umhverfisstefnu Faxaflóahafna sf. og eðlis atvinnustarfseminnar á Grundartanga hefur Hvalfjarðarsveit í samráði við landeiganda sett fram eftirfarandi skilmála fyrir frekari uppbyggingu iðnaðar- og athafnasvæða (AT



TILLAGA AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI MKV.: 1:50.000
DAGS. 15.5.2014

og I) á umræddu svæði:

- Öll starfsemi sem leyfð er á svæðinu skal uppfylla ströngustu kröfur um mengunarnámir og mengunarnarbúnað sem viðurkenndur er af Umhverfisstofnun.
- Ekki er heimilt að reisa nýjar verksmiðjur eða iðnaðarfyrirtæki sem hafa í för með sér losun á brennisteinstvioxíði á svæðinu.
- Ekki er heimilt að reisa nýjar verksmiðjur eða iðnaðarfyrirtæki sem hafa í för með sér losun flúors á svæðinu.
- Ekki er heimilt að gera ráð fyrir starfsemi á svæðinu sem hefur í för með sér veruleg umhverfisáhrif skv. rökstuddu mati Skipulagsstofnunar m.t.t. mengunar og áhrifa þrávirka lífræna efna á loft, sjó og land og með hliðsjón af þeirri umhverfissvöktun sem fram fer á svæðinu.

Við mat á lóðaumsóknunum verður lítið til ákvörðunar Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Ákvörðun um hvort starfsemi verði heimilué eða ekki verður tekin með vísan til tillúlu 1-4 hér að framan.

3. Tengsl við aðrar áætlanir

Samkvæmt 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skulu gildandi skipulagsáætlanir vera í innbyrðis samræmi. Einnig skulu landgræðslu- og skógræktaráætlanir vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

Í gildi er aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020, sem tók gildi í júlí 2010 og síðast var breytt í júní 2011.

Í gildi eru eftirtaldir deiliskipulagsáætlanir á Grundartanga:

Deiliskipulag stóriðnaðarsvæðis, síðasta breyting samþykkt í sveitarstjórn 4. mars 2004.

Deiliskipulag vestursvæðis, samþykkt í sveitarstjórn 23. apríl 2013.

Deiliskipulag austursvæðis, samþykkt í sveitarstjórn 13. nóvember 2007.

Aðliggjandi sveitarfélög eru Skorradalshreppur og Borgarbyggð að norðan, Bláskógabyggð að austan, Kjósarhreppur og Reykjavík að sunnan og Akraneskaupstaður að vestan.

Sameiginlegar skipulagslínur eru að öðru jöfnu fyrst og fremst vegir, flutningslínur og fjarskiptalagnir. Ekki er verður séð að aðalskipulagsbreytingin hafi áhrif á aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga.

Aðalskipulagsbreytingin hefur ekki áhrif á landsáætlanir svo sem samgönguáætlun eða náttúruverndaráætlun

4. Umhverfisaðstæður

Svæðið sem aðalskipulagsbreytingin nær til er að mestu leyti tún. Skilgreind landnotkun er athafnasvæði (A8) og hafnarsvæði (H1). Á og við Katanestjörn á austursvæðinu er fjölskrúðugt fuglalíf. Faxaflóahafnir sf hafa endurheimt tjörnina, lokað frárennisslukurðum og hyggja á frekari umhverfissbætur við tjörnina.

Ströndin er á náttúruminjaskrá: Hvalfjarðarströnd. (1) Strandlengjan frá Miðsandi út að Katanesi. Til austurs markast svæðið af athafnasvæði ollustöðvar og til vesturs af athafnasvæði járnblendiverksmiðju. (2) Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi. Enda þótt svæði á náttúruminjaskrá njóti ekki formlegrar verndar verður haft samráð við Umhverfisstofnun um deiliskipulag á svæðum innan fyrrgreindrar forrnunar.

Forminjar eru á og upp af Katanesi. Mikilvægustu minjarnar auk Katanestjarnar eru undir bæjarhólum á Katanesi. Fyrir liggur fornleifaskrá fyrir Hvalfjarðarsveit. Einnig hafa verið gerðar fornleifakannanir vegna hugsanlegrar staðsetningar iðnaðarstarfsemi á svæðinu.

Haft verður samráð við Minjastofnun Íslands um deiliskipulag á fyrrgreindu svæði.

Aðkoma að nýja iðnaðarsvæðinu er um Katanesveg sem framlengdur verður til norð-austurs og liggja mun meðfram Katanestjörn.

Fyrirhugaður er nýr vegur sem mun liggja nærri norðurmörkum lóðar Norðurals á mót við Katanestjörn og tengja austurhluta skipulagsvæðisins við framhald Grundartangavegar nr. 506 til austurs.

5. Inntak aðalskipulagsbreytingar

5.1 Breyting á landnotkun á vestursvæði

Tangavegur á Grundartanga skilur á milli vestur- og austursvæðis.

Breytingin er eftirfarandi:

14,7 ha svæði syðst á vestursvæði neðan Klafastaðavegar þar sem skilgreind er athafnasvæði (A7) og blönduð landnotkun, athafnasvæði/hafnarsvæði (H1/A7) verður skilgreint sem iðnaðarsvæði (I).

LANDNOTKUN- SKÝRINGAR

- Landbúnaðarsvæði
- Iðnaðarsvæði (I)
- Hafnir (H)
- Efnistaka (E)
- Athafnasvæði (A)
- Þéttbýli
- Íbúðarsvæði (Í)
- Frístundabyggð (F)
- Verslun- og þjónusta (VP)
- Þjónustustofnanir (PS)
- Óbyggð svæði (-)
- Opin svæði (O)
- Náttúruvernd - (N)
- Vötn, vatnsföll og haf
- Þynningarsvæði
- Byggingar
- Stofnvegur (SV)
- Héraðsvegur/einkavegur
- Fyrirhugaður tengivegur
- Göngu- og/eða reiðleið
- Vatnsveita
- Rafveita
- Ljósleiðari
- Fjarskiptamastur

Fyrirhugað er að nota syðsta hluta lóðarinnar fyrir starfsemi á sviði skipavíðgerða (dráttarbraut, þurrkvi, flotkvi og tengd þjónusta). Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2010 skal slík starfsemi vera á iðnaðarsvæði.

Eftir breytingu verður iðnaðarsvæði á Grundartanga, vestursvæði um 21,7 ha en var um 7 ha.

Athafnasvæði (A7) minnkar um 10,2 ha

Svæði með blandaðri landnotkun, Athafnasvæði/Hafnir minnkar um 4,5 ha.

5.2 Breyting á landnotkun á austursvæði

Skilgreind eru aukin iðnaðarsvæði (I), athafnasvæði (AT) minnkuð. Hafnir (H) minnka lítillega. (Hafnarsvæði er ekki lengur landnotkunarflokkur samkv. skipulagsreglugerð nr. 90/2010).

Opin svæði við strönd, tjörn og á stækka.

| Iðnaðarsvæði (I) | Fyrir breytingu | Eftir breytingu | Breyting |
|-----------------------------------|-----------------|-----------------|----------|
| Iðnaðarsvæði (I) | 180 ha (I1) | 228,1 ha | +48,1 ha |
| Athafnasvæði (AT) | 124 ha (A8) | 41,5 ha | -82,5 ha |
| Hafnir (H) | 58,7 ha (H1) | 50,5 ha | -8,2 ha |
| Opin svæði við strönd, tjörn og á | 11,0 ha (O13) | 48,1 ha | +37,1 ha |
| Katanestjörn | 12,3 ha | 17,8 ha | +5,5 ha |
| Samtala | 386 ha | 386 ha | 0 |

Yfirlitstafla

6. Mótvægisáðgerðir


Í umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna hugsanlegrar efnamengunar, hljóðmengunar, sjónmengunar og ljósmengunar. Ávallt skal beita bestu fánlegri tækni sem uppfyllir BAT staðið til að draga úr mengun frá iðnaðarsvæðum. Viðbragðsáætlun varðandi efnaleka og eldvarnir skal leggja fram með byggingarleyfissókn. Leggja skal fram hávaðakort og gera grein fyrir nauðsynlegum mótvægisáðgerðum með byggingarleyfissókn samkvæmt nánari skilgreiningu í deiliskipulagi. Litavali mannvirka verði þannig hagnað að byggingar verði lítt áberandi og falli inn í landslag. Leggja skal fram hönnun útlýsingar með byggingarleyfissókn samkvæmt nánari skilgreiningu í deiliskipulagi. Um mótvægisáðgerðir vísast að öðru leyti til kafla 1. 2. 3 í umhverfisskýrslu.

7. Skipulagsferli og auglýsing

Lýsing á breytingartillögu var kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum með opnum fundi í félagsheimilinu Fannahlíð 8. maí 2014. Lýsing á breytingartillögu var auglýst með áberandi hætti 1. maí 2014 og hún gerð aðgengileg á heimasíðu og skrifstofu Hvalfjarðarsveitar www.hvalfjarðarsveit.is. Umsagnir Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og ábendingar sem bárust höfðu ekki áhrif á tillögu breytingar aðalskipulags.

Sveitarstjórn samþykkti þann 12. ágúst. 2014 að auglýsa tillögu að breytingu Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 er varðar iðnaðar- og athafnasvæði við Grundartanga sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst frá 29. ágúst til og með 10. október 2014.

Athugasemdir við auglýsta tillögu bárust frá Logos f. h. Norðurál, Norðaráli, Kjósarhreppi, Umhverfissvöktuninni við Hvalfjörð, Ragnheiði Þorgrímsdóttur, Hallfréði Vilhjálmssyni, Þórnari Jónssyni, Sigurbirni Hjaltasyni og landeigendum Kalastaða. Sveitarstjórn hefur fjallað um innsendar athugasemdir og hafa verið gerðar breytingar á auglýstri breytingartillögu. Sveitarstjórn samþykkti auglýsta tillögu með breytingum þann 4. desember 2014. Samþykkt tillaga var send Skipulagsstofnun, ásamt athugasemdum og umsógnunum sveitarstjórnar um þær.



HLUTI ÚR AÐALSKIPULAGI HVALFJARÐARSVEITAR 2008-2020 (EKKI Í KVARÐA)

ÖNNUR SKIPULAGSGÖGN:

Umhverfisskýrsla dags. 2014-05-15 br. 2014-11-17

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann _____

Skipulagsstofnun staðfesti aðalskipulagsbreytingu þessa þann _____

Aðalskipulagsbreyting þessi er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 m. s. br.

BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU:

- Gerð er grein fyrir fyrirhugaðri vegartengingu austursvæðis við fyrirhugað framhald Grundartangavegar nr. 506 til austurs. (Uppdráttur, greinargerð á uppdraetti og umhverfisskýrsla)
- Nýr kafla 6. Gerð er grein fyrir mótvægisáðgerðum varðandi efnamengun, hljóðmengun, sjónmengun og ljósmengun. (Greinargerð á uppdraetti og umhverfisskýrsla)
- Skilgreint iðnaðarsvæði við fornleifasvæðið á Katanesi minnkar um 1 ha. (Uppdráttur og stærðir í yfirlitstöflu).
- Nýr kafla 7. Gerð er grein fyrir skipulagsferli og auglýsingu. (Greinargerð á uppdraetti)
- Um fjöllum um heilsu og öryggi breytt í kafla 1.2.3 í umhverfisskýrslu.

HVALFJARÐAR SVEIT

Faxaflóahafnir sf Associated Icelandic Ports

Landlínur ehf. vann skipulagsuppdrætti.

| | | | |
|--|--------------------------------|-------------------------------|----------------|
| TEIKNISTOFA ARKITEKTA GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf. arkitektaar. faí. SKÓLAVÖRÐUSTIG 3 SÍMI: 552-8740 NETFANG: TEIKN@TEIKN.IS | 101 REYKJAVÍK FAX: 562-8740 | HVALFJARÐARSVEIT Grundartangi | |
| | | VERK | 14-192 |
| Breyting á Aðalskipulagi | | BLAÐ | |
| MARS 2014 | | 001 | |
| HANNAÐ gy | TEIKNÁÐ þþ gy jej | REYKJAVÍK | 2014-05-15 |
| KVARDI | 1:50.000 á A2 | BREYTT | br. 2014-11-17 |